

**Nd.**

**161. Nefndarálit**

[39. mál]

um frv. til laga um kjaramál.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hér er um að ræða frumvarp til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem gefin voru út 8. sept. 1978. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Tveir nefndarmanna, þeir Ólafur G. Einarsson og Matthías Á. Mathiesen, gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti. Aðrir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingartillögum, sem fluttar verða á sérstöku þingskjali.

Efni frumvarpsins varðar fyrstu aðgerðir núverandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum.

Fyrstu þrjú kaflar frumvarpsins eru um kjarasamninga, greiðslur verðbóta á laun, bætur almannatrygginga og um niðurfærslu verðlags og verðlagseftirlit. Við þá kafla gerir meiri hl. n. ekki breytingartillögur.

Fjórði kafli frumvarpsins fjallar um nýja skattheimtu. Þar er um að ræða eignarskattsviðauka, sérstakan tekjuskatt og sérstakan tekjuskatt á atvinnurekstur. Við þennan kafla flytur meiri hl. nefndarinnar fjórar breytingartillögur. Tvær þeirra miða að því að gera ákvæði laganna skýrari og ótvíræðari en áður var, en hinar tvær fela í sér nokkra lækkun á eignarskattsviðauka þeirra, sem orðnir eru 67 ára eða áttu rétt til örorkulífeyris árið 1977, og nokkra lækkun á skatti af atvinnurekstri einstaklinga með því að fella niður skatt sem ekki nær 15 000 krónum.

Við aðra kafla frumv. gerir meiri hl. nefndarinnar ekki breytingartillögur.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 7. des. 1978.

Lúðvík Jósepsson,  
form., frsm.

Halldór E. Sigurðsson,  
fundaskr.

Vilmundur Gylfason.

Finnur Torfi Stefánsson.

Kjartan Ólafsson.